



Íslenskir staðlar

ÍST HB 200:2023

Kynning á breytingum

Guðmundur Valsson ritari Rafstaðlaraðs
Ófeigur Sigurðsson Rafskoðun



Íslenskir staðlar

Dagskrá

Kynning - Guðmundur Valsson ritari Rafstaðlaráðs

- ÍST HB 200 Breytingar í skilgreiningum
 - ÍST HD 60364-5-52 – Val og uppsetning rafbúnaðar – Rofabúnaður og stjórnubúnaður
 - ÍST HD 60364-5-53 – Val og uppsetning rafbúnaðar – lagnarkerfi
 - ÍST HD 60364-5-54 – Val og uppsetning rafbúnaðar – Skipan jarðtenginga og varnarleiðara
-
- Umræður



Kynning

- ÍST HB 200 er þýðing á 43 stöðlum í staðlaröðinni ÍST HD 60364
 - Árlegar útgáfur á stöðlum sem breytast í staðlaröðinni
- 1. útgáfa - ÍST HB 200:2020 – og var ÍST 200 þá felld úr gildi
- 2. útgáfa ÍST HB 200:2021 – 709, 6 eyðublöð gerð aðgengileg
- 3. útgáfa ÍST HB 200:2022 – IEV 195, 4-42A11 (CPR og val á strengjum v. bruna),
- 4. útgáfa ÍST HB 200:2023 – IEV 826, önnur hugtök, 5-52, 5-53, 5-54



Íslenskir staðlar

ÍST HB 200 Skilgreiningar

- Vinnuhópur fór yfir þýðingar á skilgreiningum og bætti við.
- Hugtökin eru úr IEV Raftækniorðasafninu sem er í staðlinum
 - IEC 60050 International Electrotechnical Vocabulary – opinn staðall
- Í ÍST HB 200:2022 útgáfunni var tafla yfir öll hugtök úr IEV 195 um **Jarðtengingar og varnir gegn raflosti**
- Í ÍST HB 200:2023 er ný tafla/IEV 826 um **Raflagnir**
- Í þriðju töflunni eru **önnur mikilvæg hugtök** sem voru í fyrri útgáfu en hvorki í IEV 195 eða IEV 826.



ÍST HD 60364-5-52 – Val og uppsetning rafbúnaðar – lagnarkerfi

- Í 2022 útgáfunni var viðauki við kafla 4-42 Vörn gegn hitaáraun

- Varðandi strengi og eiginleika þeirra í eldi, má setja fram þessar varnarráðstafanir með tilvísun í evrópsku reglugerðina um byggingarvörur (CPR) *) og viðeigandi flokka samkvæmt EN 13501-6.
 - EN 13501-6, Fire classification of construction products and building elements - Part 6: Classification using data from reaction to fire tests on power, control and communication cables

- Í 2023 útgáfunni er evrópskur viðauki A12 við kafla 5-52 Lagnarkerfi

- Í umfangið bætist:
 - Kröfur um val á strengjum með tilliti til flokkunarinnar samkvæmt EN 13501-1 um hegðun í eldi til að uppfylla Reglugerð um viðskipti með byggingavörur (CPR) frá EU eru einnig settar fram.
 - Athugasemd 3 Á meðan CPR krefst þess að framleiðendur lýsi hegðun strengsins við eldi samkvæmt ferli og flokkun sem eru sameiginleg innan EU, er það á ábyrgð aðildarríkisins að ákveða hvaða flokka samkvæmt EN 13501-6 er krafist fyrir tiltekna notkun eða uppsetningu. Þjóðlegar lögbundnar kröfur gætu því vikið frá flokkunum sem krafist er í þessu skjali.
 - Samkvæmt HMS þá er stuðst við þennan staðal í íslenskum stjórnvaldskröfum og ekki um aðrar kröfur að ræða.



527 Val og uppsetning lagnarkerfis til þess að lágmarka útbreiðslu elds

527.1 Varúðarráðstafanir innan brunahólfs

527.1.1 Lágmarka skal hættu á útbreiðslu elds með vali á viðeigandi efni og uppsetningu í samræmi við grein 527.

Athugasemd Eldhættu má takmarka með viðeigandi vali á einangrun leiðara og strengja og bæta þannig hegðun þeirra í eldi. Slíkar vörur geta takmarkað útbreiðslu elds, geta minnkað reykmyndun og geta jafnvel, þegar eldur á sér stað, veitt samfellda þjónustu vegna mikilvægra aðgerða í tiltekinn tíma.

Til að takmarka eldhættu með notkun einangraðra leiðara og strengja með bætta hegðun í eldi er sérlega mikilvægt í lagnarkerfum þar sem sérstök áhætta á eldi er tilgreind eins og lýst er í BD2, BD3 og BD4 í HD 60364-5-51.

Fyrir alla strengi sem eru varanlega uppsettir í byggingaverkefnum, er þess vænst að þeir séu í samræmi við Reglugerð um viðskipti með byggingavörur (CPR) sem fer fram á að gefa eigi upp hegðun einangraðra leiðara og strengja í eldi með því að vísa eingöngu til flokka eins og þeir eru skilgreindir í EN 13501-6, og uppfylla kröfur í *EN 50575 Power, control and communication cables - Cables for general applications in construction works subject to reaction to fire requirements* .



Tafla ZA.1 – (framhald)

Kóði	Ytri áhrif	Kennistærðir sem krafist er við val og uppsetningu búnaðar	Tilvisun
BD	<i>Skilyrði til rýmingar við neyðaraðstæður</i>		
BD1	Lágur þéttleiki/auðveld undankoma	Fámenn starfsemi, skilyrði rýmingar auðveld Venjuleg	
BD2	Lágur þéttleiki/ torveld undankoma	Fámenn starfsemi, skilyrði rýmingar torveld Háhýsi	
BD3	Hár þéttleiki/auðveld undankoma	Fjölmenn starfsemi, skilyrði rýmingar auðveld Staðir opnir almenningi (leikhús, kvikmyndahús, stórverslanir o.s.frv.)	
BD4	Hár þéttleiki/ torveld undankoma	Fjölmenn starfsemi, skilyrði til rýmingar torveld Háhýsi opin almenningi (hótel, sjúkrahús, o.s.frv.)	

Viðaukinn 5-52 A11 fjallar um val á strengjum fyrir flokka ytri áhrifa



Íslenskir staðlar

ÍST HD 60364-5-53 – Val og uppsetning rafbúnaðar – Rofabúnaður og stjórnbúnaður

- Talsverð endurröðun efnisgreina – lítil sem engin efnisleg breyting
- ÍST HD 60364-5-534 Val og uppsetning rafbúnaðar – Tæki til varnar svipulum yfirspennum
 - Í kaflanum er fjallað um val, staðsetningu og varnir spennuvarnartækja
 - Felld inn í 60364-5-53 – með nánast engum breytingum
- ÍST HD 60364-5-537 Val og uppsetning rafbúnaðar – Búnaður til aðskilnaðar og rofs -
 - Felld inn í 60364-5-53 – með nánast engum breytingum



Íslenskir staðlar

ÍST HD 60364-5-54 – Val og uppsetning rafbúnaðar – Skipan jarðtenginga og varnarleiðara

- Glærur í sérstöku skjali.